

Sp.

622. Þingsályktun

[15. mál]

um málefni hreyfihamlaðra.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þykja. Skal í þessum efnum haft samráð við Ferlinefnd fatlaðra. Úttektin skal lögð fyrir Alþingi.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um fastan tekjustofn í því að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda, þannig að á næsta ári verði hægt að hefjast handa um breytingar á húsnæði svo sem þingsályktun þessi gerir ráð fyrir.